

Blikkleikur

Markmið:

Skerpa athygli og skemmta sér.

Leiklýsing:

Helmingur nemenda situr í hring á jörðinni (eða á stólum sem raðað er í hring). Bak við hvern nemenda sem situr, krýpur (stendur) annar nemandi og heldur höndum fyrir aftan bak.

Í sígildri útgáfu þessa leiks eru verkaskipti milli kynja þannig að annað kynið stendur, hitt situr. Einn „er'ann“ og er sá kallaður „blikkarinn“. Fyrir framan hann er autt svæði (auður stóll).

Blikkarinn á að reyna að blikka einhvern sem situr og ná honum til sín. Þeir sem eru fyrir aftan eiga að reyna að koma í veg fyrir að blikkarinn nái í þann sem er fyrir framan þá. Ef blikkarinn blikkar einhvern, þá á hann að reyna að komast í auða svæðið til blikkarans en sá sem er fyrir aftan, á að reyna að koma í veg fyrir það með því að taka utan um viðkomandi.